

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins  
yfir Íslandi, um nefnd, er sett var í fjárkláðamálinu.

1860.  
20. april.

Skýrslur þær, er hingað hafa borizt, bæði frá nefnd þeirri, er sett var í Reykjavík í fjárkláðamálinu, og frá yður, herra stiptamtmaður, og dagsettar eru 26. og 27. f. m., bera það reyndar með sér, að heilbrigðisástand fjárins virðist yfir höfuð að tala að vera viðunandi, en þó hlýtur dómsmálastjórnin, sem metur svo sem vert er það kapp og alúð, er nefndin hefir allt til þessa lagt á störf þau, er henni voru falin á hendur, að álíta það réttast, að hún fyrst um sinn haldi þeim áfram á sama hátt og að undanfögnu; með því og ákvörðun sú, sem getið er í bréfi yðar 28. f. m., að eins er til bráðabyrgða, er það lagt í yðar vald, herra stiptamtmaður, eptir að þér eruð búnir að bera yður saman við nefndina, að ákveða, hvort og hve lengi dýralæknarnir Hansteen og Krause þurfa að vera á Íslandi; en að minnsta kosti virðist það vera ákjósanlegt, að þeir séu þar þangað til böðun fjárins er lokið nú í vor.

Eins og sjá má af útdrætti úr bréfi nefndarinnar, sem hér er með, hefir hún sótt um, að álit hennar yrði aukið með konungligum úrskurði, ok að stjórn kláðamálsins yrði gjörð einfaldari með því, að nefndinni sjálfri yrði veitt embættisvald viðvíkjandi framkvæmdum lækninganna í suðurumdæminu og hún stæði beint undir yfrumsjón dómsmálastjórnarinnar sjálfar. En um þetta efni skal þess getið, að það er hvorttveggja, að síðan gufuskipið kom hefir ekki verið tími til að bera málið undir hans hátígn konunginn, enda þykir og stjórninni ekki næg ástæða til þessa, eptir því sem málið nú stendur; svo verður og eigi betur séð, en að það fyrirkomulag, sem nefndin hefir hlotið samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 17. október f. á., sé yfir höfuð að tala hagfellt og nægilega tryggjandi fyrir álit hennar; skal þess getið um leið, að stjórninni hefir ekki verið sent eptirrit af reglugjörð þeirri, er stiptamtmaður hefir sett nefndinni, og eruð þér því beðnir að senda það hingað, svo fljótt sem verða má; en annars telur dómsmálastjórnin það víst, að reglugjörð þessi sé í öllum aðalatriðunum samkvæm bréfi stjórnarinnar



1860.  
20. apríl.

17. októberm. f. á., sem áður er á minnzt. — Að öðru leyti hlýtur dómsmálastjórnin að álíta það ákjósanlegt, að nefndin sendi skýrslur sínar gegnum amtið, svo að efni þeirra sé því kunnugt, og það geti gjört athugasemdir sínar við þau atriði, er það finnur ástæðu til.

Nefndin hefir enn fremur sótt um, að mega sjálf út nefna og setja af þá lögregluþjóna, er þykja naudsynlegir til þess að framkvæma þær rádstafanir, er hún gjörir, og mega setja þeim slíka reglugjörð, er henni þyki með þurfa. Með því stjórnin viðurkennir, að fyrirkomulag þetta, eptir skýrslum nefndarinnar, virðist hafa borið góða ávöxtu, er ekkert því til fyrirstöðu, að þjónar þeir, sem hér er um rætt, séu hér á eptirnotaðir í sama augnamiði og að undanfögnu; svo má og nefndin sjálf útnefna þá og af setja; en þó ætti að íhuga það nákvæmlega, hvort ekki mætti fækka slíkum þjónum nokkuð, og hvort ekki mætti lækka borgun þá, sem þeim hefir verið veitt að undanfögnu, er dómsmálastjórninni finnst slík borgun vera mjög há.

Nefndin hefir farið fram á, að hún fengi til umráða svo mikið fè, er með þyrfti til að framkvæma störf hennar. Í þessu efni verður að leiða athuga manna að því, að það þegar var ákveðið í bréfi dómsmálastjórnarinnar 17. október f. á., samkvæmt uppástungu hinna konunglegu erindsreka, að nefndin skyldi fá fè nokkurt til umráða til að borga með kostnað þann, er leiddi af störfum hennar. Þar á móti hefir svo verið ráð fyrir gjört, að eptirleidis gæti ekki orðið umtal um önnur gjöld viðvíkjandi kláðamálinu, en laun dýralæknanna, og einkum er það sjálfsagt, að fjáreigendurnir verða sjálfir að standast kostnaðinn af því að útvega lyf og böðunarefni fyrir fè sitt eins og á þarf að halda, að minnsta kosti að undanskildum sérstökum tilfellum, eptir því sem fyrir er mælt í 15. gr. í hinum almennu reglum um fjárkláðann 14. sept. f. á., er hinir konunglegu erindsrekar settu.

Gjöld þau, sem að ofan eru nefnd og það, sem eptir þetta gengur til launa handa dýralæknum og lögregluþjónum, ber að greiða af þeim 10,000 rdl., sem veittir eru í fjárhagslögum þ. á. 14. gr., 23. tölulíð.



1860.  
20. apríl.

Útaf fyrirspurn nefndarinnar um það, hvort störf hennar eptir þetta ættu að vera bundin við suðuramtið eitt, skal þess getið, að eins og áður er sagt er stjórninni ókunnugt, hvað um þetta efni hefir verið ákveðið í reglugjörð þeirri, er nefndinni hefir verið fengin, en í optnefndu bréfi dómsmálastjórnarinnar, 17. októberm. f. á., var ekki svo til ætlað, að störf hennar væru einskorðuð við suðurumdæmið eitt, ef nokkur ástæða væri til þess að halda, að sýkin væri í hinum umdæmunum.

Eptir skýrslum nefndarinnar finnur dómsmálastjórnin ástæðu til að skora á yður, herra stiptamtmaður, að hafa vakandi auga á hvað prentað er, og láta hlutaðeigendur sæta lagaábyrgð, að svo miklu leyti sem þar til eru ástæður. Að endingu skal því við bætt, að dómsmálastjórnin í bréfum dagsettum í dag, hefir boðið hinum amtmönnunum að hafa vandlega gætur á, að ekki séu lagðar neinar tálmanir, einkum af hálfu embættismanna, fyrir ráðstafanir þær, er nefndin gjörir, eptir því valdi, er stjórnin hefir veitt henni til þess, annaðhvort í suðurumdæminu, eður í hinum tveimur umdæmunum, og að brýna fyrir embættismönnunum, að það er skylda þeirra að styrkja tilraunir nefndarinnar í máli þessu, sem varðar svo miklu fyrir land og lýð.

Efni bréfs þessa eruð þér beðnir að gjöra nefndinni kunnugt.

**20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um danska þýðingu alþingistíðindanna, m. m.** 20. apríl.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, með bréfi yðar 28. f. m. senduð hingað hið síðasta af hinum íslenska texta alþingistíðindanna úrið 1859, ásamt danskri þýðingu af gjörðum þingsins á 9 fundum, hinum 15. til 23., hafið þér að tilmælum forseta þingsins, Jóns Guðmundssonar málaflutningsmanns, beðið um úrskurð stjórnarinnar, hvort það, sem eptir sé hinnar dönsku þýðingar tíðindanna megi ekki burt falla, þareð ekki sé unnt, nú sem stendur, að fá þýðingu þessa bærilega af hendi leysta.